



Reykjavík 26. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1638*  
*komudagur 26.4.2005*

Vísað er til bréfs samgöngunefndar dags. 20. apríl þar sem óskað er umsagnar Ferðamálaráðs um frumvarp til laga um skipulag ferðamála.

Ferðamálaráð fékk á fyrri stigum möguleika á að segja álit sitt á þeim hugmyndum sem liggja til grundvallar því lagafrumvarpi sem hér er vísað til.

Á fundi ráðsins í dag var einkanlega horft til þriggja meginþátta:

Tillagna að breyttu hlutverki Ferðamálaráðs ( 6. gr. )  
Tillagna að breyttri samsetningu Ferðamálaráðs ( 5. gr.)  
Tillagna 2. og 3. kafla varðandi skilgreiningu á ferðaskrifstofum og ferðaskrifstofuleyfi.

1. Ferðamálaráð gerir ekki athugasemdir við þá fyrirætlan að breyta lögskipuðu hlutverki ráðsins til samræmis við það sem tíðkast á öðrum sviðum. Lög kveða þó með nokkuð misjöfnum hætti á um það fyrirkomulag. Nauðsynlegt er að leggja til grundvallar að lögin séu skýr um hlutverk ráðsins. Í því sambandi bendum við á sem dæmi lög um hlutverk flugráðs, siglingaráðs og hafnaráðs.

2. Gerðar eru tillögur um breytta skipan Ferðamálaráðs. Ljóst er að fulltrúar þeirra samtaka og hagsmunaaðila sem aðild eiga að Ferðamálaráði gera athugasemdir við skipan ráðsins og mun það væntanlega koma fram í umsögnum þeirra . Ferðamálaráð leggur á hinn bóginn áherslu á að ekki sé fjölgað um of í ráðinu. Slíkt dregur úr skilvirkni ráðsins og væri í ósamræmi við markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu.

3. Verulegar umræður hafa farið fram um tillögur 2. og 3. kafla varðandi skilgreiningar á ferðaskrifstofum og ferðaskrifstofuleyfum. Ferðamálaráð telur að með nákvæmum skilgreiningum í 7. gr. sé tryggt að þær séu nægilega sértækar og skýrar til þess að það verði ekki íþyngjandi fyrir mismunandi rekstrarform sölu, bóknar og upplýsingagjafar. Er það í samræmi við ábendingar atvinnugreinarinnar og opinberra aðila sem m.a. starfrækja upplýsingamiðstöðvar.

4. Ráðið fagnar því að staða upplýsingamiðstöðva er skýrð í lagalegu tilliti. Þær gegna þýðingarmiklu hlutverki og njóta opinbers fjárstuðnings. Því telur ráðið nauðsynlegt að í lögum sé kveðið á um stöðu þeirra, hlutverk og lágmarksskilyrði til hugsanlegrar aðkomu stjórnvalda að rekstri sbr. 12. og 7. gr. frumvarpsins.

5. Loks leggur Ferðamálaráð áherslu á að vel verði vandað til kynningar á nýju lagaumhverfi og þeim breytingum sem löggin valda. Verði tíminn til áramóta nýttur til þess.

6. Fram kom að innan ferðamálráðs eru skiptar skoðanir um einstaka afmarkaða þætti svo sem kynningar- og markaðsmál og skipan ráðsins. Mun það kom af fram í umsögnum viðkomandi.

Virðingarfyllst



formaður Ferðamálaráðs Íslands